

Hið íslenska náttúrufræðifélag

Fundargerð aðalfundar



Fundur haldinn fimmtudaginn 25. febrúar 2021 kl. 20:00 í fjarfundarbúnaði og settur kl. 20:10

1. Fundur settur

Formaður setur fundinn og stingur upp á Freydísi Vigfúsdóttur sem fundarstjóra og Gróu Valgerði Ingimundardóttur sem fundarritara. Tillögurnar voru samþykktar af fundinum.

Fundarstjóri fer yfir dagsskrá fundar með vísan í lög félagsins. Í 7. grein laga félagsins segir: Aðalfund félagsins skal halda í febrúar ár hvert, og skal dagsskrá hans vera sem hér segir:

- a. Skýrt frá helstu framkvæmdum á liðna árinu.
- b. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
- c. Kosin stjórn og tveir skoðunarmenn reikninga og einn skoðunarmaður til vara.
- d. Önnur mál.

2. Skýrsla stjórnar

Ester Rut Unnsteinsdóttir formaður greindi frá störfum stjórnar á liðnu starfsári með því að flytja fundargestum skýrslu formanns. Að loknum lestri kallaði fundarstjóri eftir athugasemdum en engar athugasemdir voru bornar upp.

3. Fundarboð

Fundarstjóri tók eitt skref til baka í dagsskrá fundarins og spurði fundargesti hvort löglega hafi verið boðað til fundarins (en það á að gera við setningu fundar). Félagar svöruðu játandi. Fundarstjóri spurði hvort allir væru samþykktir þessum fundarsköpum og enginn hreyfði mótmælum.

4. Reikningar félagsins

Snæbjörn Guðmundsson gjaldkeri náði ekki að ljúka ársreikningum en í næsta tölublaði Náttúrufræðingsins munu þeir birtast endurskoðaðir. Gjaldkeri kynnti þó rekstrarreikninga með þeim fyrirvara að eftir sé að leggja lokahönd á þá. Það kom ein spurning úr sal en reikningar voru annars samþykktir samhljóða með fyrrgreindum fyrirvara.

5. Kosning stjórnar og skoðunarmanna

Kjósa þurfti þrjú nýja stjórnarmenn þar sem kjörtímabil þriggja stjórnarmanna rann sitt skeið. Bryndís Marteinsdóttir gaf ekki kost á sér áfram og gekk því úr stjórn eftir áralangt starf í stjórn en tók þó fram að hún yrði stjórninn innan handar. Hrefna Sigurjónsdóttir varaformaður og Gróa Valgerður Ingimundardóttir ritari gáfu kost á sér til áframhaldandi setu. Að auki gaf Guðmundur Björnsson kost á sér til stjórnarsetu. Gjaldkeri sagði jafnframt að skoðunarmenn reikninga, sem voru fjarverandi, gefi áfram kost á sér. Fundurinn samþykkti þetta samhljóða.

6. Önnur mál

Stjórn lagði til lagabreytingu eins og kynnt hafði verið í fundarboðið. Formaður útskýrði forsendur lagabreytingarinnar, þ.e. að faghóparnir hafi rödd og tengiliði í stjórn með setu formanna faghópa á stjórnarfundum. Formaður deildi skjá sínum svo fundarmenn gætu allir séð hvað um væri að ræða. Lagabreytingin var samþykkt samhljóða og var eftirfarandi:

7. grein. Aðalfund félagsins skal halda í febrúar ár hvert, og skal dagskrá hans vera sem hér segir:

- a) Skýrt frá helstu framkvæmdum á liðna árinu.
- b) Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins.
- c) Kosin stjórn og **formenn faghópa**, tveir skoðunarmenn reikninga og einn skoðunarmaður til vara.
- d) Önnur mál.

7. Fundarslit

Fundarstjóri sagði fundarsköpum lokið og gaf formanni orðið. Hún þakkaði Bryndísi langa setu í stjórn, góð störf og ánægjulegt samstarf.